

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

20. nóvember 2012

Varðar: Frumvarp til laga um neytendalán, 220. mál – 141. löggjafarþing

Í framhaldi af fundi með efnahags- og viðskiptanefnd þann 19. nóvember telur undirritaður rétt að koma á framfæri eftirfarandi atriðum vegna þeirra spurninga er komu upp á fundinum.

I. Framkvæmd í tengslum við gerð lánshæfismats / greiðslumats.

Undirritaður telur rétt að veita lánveitendum ákveðið svigrúm við gerð lánshæfismats og/eða greiðslumats. Þannig eru þörf fyrir upplýsingum mismunandi eftir fjárhæð láns, lánstíma og hvort lán taki sé núverandi eða nýr viðskiptavinur hjá lánveitanda. Á sama tíma þarf að gera ákveðnar lágmarks kröfur um framkvæmd lánshæfismats þannig að það sé líklegt til að hafa spágildi um líkur á efnadamöguleikum lántaka í framtíðinni. Viðskiptasaga og upplýsingar um skuldbindingar lántaka hjá öðrum lánveitendum eru mikilvægastu upplýsingarnar í þessu sambandi. Umræddar upplýsingar ættu alla jafna að vera fullnægjandi fyrir tiltölulega lágar lánsfjárhæðir. Þá má ætla að lánveitendur mundu styðjast við frekari upplýsingar sérstaklega þegar um nýja viðskiptavini er að ræða. Gera verður ráð fyrir því að lánveitendur geti lagt mat á hvað sé ásættanlegt í þessu sambandi enda þeirra hagur að lána peninga til þeirra sem eru líklegir til að standa í skilum. Með hliðsjón af þessu telur undirritaður að tillaga félagsins um breytingu á i. lið 5. gr. frumvarpsins, sbr. bréf dags. 12. nóvember, sé fullnægjandi.

Raðgreiðslusamningar er nokkuð algeng lánategund á Íslandi. Þegar slík lán eru tekin þá tengist það gjarnan kaupum á vöru/þjónustu sem er fjármagnað af þriðja aðila, s.s. þegar keyptur er flatskjár af rafmagnstækjaverslun og þriðji aðili lána til þess fjármagna. Í þeim tilvikum hittir lán taki ekki lánveitandann heldur eingöngu söluaðila vöru/þjónustu. Ótækt væri að skylda lán takann til að upplýsa söluaðila um eignir, tekjur o.s.frv. í þeim tilgangi að söluaðilinn miðlaði slíkum upplýsingum áfram til lánveitanda. Þá gæti reynst óheppilegt að láta söluaðila afla upplýsts samþykkis frá lán taka, fyrir hönd lánveitanda, sem söluaðilinn þyrfti að senda til lánveitanda áður en lánshæfismat væri framkvæmt. Með hliðsjón af framangreindu gæti verið heppilegra að veita lánveitanda ákveðið svigrúm, sbr. að ofan, um þær upplýsingar sem aflað er þannig að lán taki þyrfti ekki að upplýsa söluaðila um tekjur o.fl. Þá færi e.t.v. betur á því að lánveitandi hefði heimild til að sækja nauðsynlegar upplýsingar með rafrænum hætti án upplýsts samþykkis. Í því sambandi bendir félagið á að ef lánveitanda er að lögum skylt að framkvæma lánshæfismat í tengslum við lánveitingu sem byggir á tiltekinni gagnanotkun, þá felur slíkt í sér heimild til að framkvæma slíka vinnslu án upplýsts samþykkis, sbr. 3. tl. 8. gr. persónuverndarlaga nr. 77/2000.

II. Pak á kostnað.

Í umsögn félagsins frá 12. nóvember sl. var bent á að óheppilegt gæti verið að hafa hámark á kostnaði við lánveitingar. Þá kann slíkt að vera óheppilegt í tilviki verðtryggðra lána þar sem kostnaðurinn er fyrirfram ekki ljós, auk þess sem hann er breytilegur.

Í tengslum við þá spurningu sem borin var upp af hálfu eins nefndarmanna á fyrrgreindum fundi, þ.e. hvaða aðrar leiðir væru færar ef ekki væri kveðið á um hámark kostnaðar, þá eru engar augljósar lausnir tiltækar að mati félagsins. Þó má vænta þess að markaðurinn geti stýrt þessu sjálfur, þ.e. ef lántökukostnaður er hár þá munu færri sækja í slík lán er aftur ætti að leiða til lækkunar á kostnaði lánveitenda. Þannig má segja að markaðurinn gæti stjórnað þessu að einhverju leyti. Því til viðbótar mætti kveða sérstaklega á um lögmæti slíkra lána, þ.e. að ríkari kröfur væru gerðar um gagnaöflun áður en slík lán væru veitt, t.d. að lánveitandi þyrfti að staðreyna hvort lántaki hefði tvö eða fleiri sambærileg lán hjá þriðja aðila. Einnig mætti koma í veg fyrir að lán væru veitt á tilteknum tíma sólarhrings.

Ef það er mat löggjafans að framangreint sé ekki tæk leið til að sporna við of háum kostnaði við lántöku, þá er líklegast ekki önnur leið fær en að kveða á um tiltekið hámark í frumvarpinu. Félagið hefur hins vegar ekki skoðun á því hvert það hámark ætti að vera. Verði sú leið farin telur félagið að slíkt hámark eigi að gilda um allar lánveitingar þannig að jafnræði lánveitenda sé ekki raskað.

III. Námslán.

Á fundinum, sem og í umræðunni undanfarna daga, hafa komið fram athugasemdir um áhrif frumvarpsins á stöðu námsmanna er fá lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN). Lög um námslán eru sérlög sem ætla verður að gangi framur lögum um neytendalán. Þannig ætti frumvarpið ekki að hafa áhrif á lán sem veitt eru af LÍN.

Framangreint breytir þó ekki því að námsmenn þurfa að sýna fram á tiltekinn námsárangur áður en kemur til útgreiðslu láns. Af þeim sökum hafa námsmenn gjarnan tekið yfirdráttarlán hjá öðrum lánveitendum sem námsláni er síðan ætlað að greiða upp. Þegar atvik eru með þeim hætti er ljóst að lánshæfismat/greiðslumat lánveitanda bæri að taka tillit til mögulegs láns frá LÍN við mat á greiðslugetu lántakans. Við slíkar aðstæður er ekki hægt að segja að lánshæfismat hafi verið rangt þó lántaka hafi skort tekjur eða eignir til að standa við skuldbindingar svo fremi að hann hafi haft lánsvilyrði frá LÍN. Þannig væri lánveitingin og þar með greiðslumat/lánshæfismat byggt á því að efndir væru tryggðar með útgreiðslu láns frá LÍN. Þó að námsmaður fullnægji síðar meir ekki kröfum LÍN um námsárangur og fái þannig ekki lán hjá sjóðnum er vandséð að lán fjármálaþyrftækis verði talið óábyrgt og brjóti í bága við ákvæði frumvarpsins. Þannig eru umræddar aðstæður í raun sambærilegar því þegar launþegi fær lán þegar ráðstöfunartekjur, ásamt öðru, leiða til þess að hann stenst lánshæfismat/greiðslumat. Komi til þess að launþeginn missi vinnuna fjórum mánuðum eftir að lánið var veitt, þannig að ráðstöfunartekjur lækka til muna og valda því að hann geti ekki efnt skyldur sínar, þá leiðir slíkt ekki til þess að lánveiting hafi talist óábyrg enda ómögulegt fyrir lánveitanda að sjá slíkt fyrir.

IV. Staða félagsins sem umsagnaraðila.

Á fundi nefndarinnar þann 19. nóvember var undirritaður spurður að því hvort umrædd lagabreyting kynni ekki að hafa áhrif á tekjur félagsins, sem aftur kynni að hafa áhrif á stöðu þess sem umsagnaraðila. Þessi athugasemd er fyllilega réttmæt og eðlileg. Verði frumvarpið að lögum kann slíkt að hafa einhver áhrif á afkomu félagsins. Telur félagið þó rétt að benda á að langflestir lánveitendur (ef ekki allir) sem falla undir gildissvið laganna nota nú þegar þjónustu félagsins í tengslum við lánveitingar. Áhrif frumvarpsins á starfsemi félagsins yrðu því minni en ætla mætti og mundi líklegast einungis hafa áhrif á hvaða þjónusta félagsins yrði nýtt af lánveitendum. Í þessu sambandi leyfir félagið sér að benda á umsögn sína um skilgreiningu lánshæfismats, sbr. i. lið 5. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að lánveitendum sé veitt tiltekið svigrúm við notkun upplýsinga. Fyrir félög eins og Creditinfo væri líklegast hagfelldara að skylda lánveitendur til að nota allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í ákvæðinu. Hinu sama gildir um ákvæði frumvarpsins (10. gr.) er heimlar lánveitingar óháð lánshæfis- og greiðslumati ef fullnægjandi tryggingar eru fyrir hendi, en félagið hefur ekki gert athugasemd við umrætt ákvæði að öðru leyti en því að lánveitanda verði skylt að upplýsa lántaka þegar lánsákvörðun byggir á slíkum sjónarmiðum.

Framangreint breytir þó því ekki að rétt er að hafa í huga að félagið kann að hafa hagsmuni af endanlegri útfærslu frumvarpsins þó undirritaður telji athugasemdir þess ekki vera því marki brenndar. Þannig hefur félagið fyrst og fremst komið á framfærum sjónarmiðum sem ætlað er að tryggja betur rétt neytenda sem á sama tíma leggja ekki of þungar birgðar á lánveitendur. Er umsögnin því byggð á reynslu félagsins af íslenska lánamarkaðnum, sem og þeirri reynslu sem það hefur aflað sér á erlendri grund allt frá árinu 2003. Leyfir félagið sér að treysta því að löggjafinn láti markmið tilskipunar Evrópusambandsins, sem m.a. hefur þann tilgang að koma í veg fyrir yfirsuldsetningu (e. overindebtedness), ráða för þó slíkt kunní á einhvern hátt að búa til ný tækifæri fyrir félagið.

Virðingarfyllst,



Hákon Stefánsson, frkvstj.